


Skýringar

- Mörk deiliskipulags
- Lóðamörk sbr HMS
- Lóðamörk Skróðvangs
- - - Byggingarreitur
- Gönguleið
- TTTT Bílastæði
- Leiktæki
- Brunahani
- Baðlón

Deiliskipulagsuppráttur er unninn í hnitum ISN93, á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Landamerki eru úr gagnagrunni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.



Hluti af Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026



Greinargerð

Skipulagssvæði

Lóðin Skróðvangur er suðvestan við Miðfjarðarveg (704), á þéttbýlissvæði Laugarbakka, um 1,2 km til suðurs frá Hringvegi og um 9 km frá Hvammstanga. Deiliskipulagssvæðið er öll lóðin, alls 3,5 ha, þar af eru rúmir 2 ha tiltölulega slétt svæði en umhverfis, til norðurs og vesturs, eru brekkur þar sem landi hallar niður á við um 7 - 15 metra. Núverandi mannvirki eru hús fyrrverandi gróðrarstöðvar.

Útfærsla skipulags

Um er að ræða deiliskipulag fyrir verslun og þjónustu, þar sem í gróðurhúsum verði áfram grænmetisframleiðsla, bæði innandyrna og utan, og afurðir verði fyrir almennan markað og til notkunar í veitingasölu staðarins, þar sem jafnframt verður aðstaða fyrir mannfagnaði og viðburði. Að auki er gert ráð fyrir gisti- aðstöðu í nokkrum smáhýsum, með saunu og heitum pottum, leiksvæði fyrir börn og fleira. Markmið skipulagsins eru að mæta vaxandi eftirspurn og stuðla að aukinni fjölbreytni, með vandaðri þjónustu við ferðamenn. Vegna þessara áforma er gerð óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Byggingar

Gróðurhús. Núverandi byggingar verða notaðar eins lýst hefur verið hér að ofan. Síndur er byggingarreitur fyrir stækkun húsa, það er til beggja langhlíða og að auki til norðausturs. Hámarkshæðir viðbygginga verði eins og húsanna sem fyrir eru.

Smáhýsi. Síndir eru byggingarreitir fyrir smáhýsi af mismunandi stærð, 25 - 55 m². Aðalbyggingarefni skal vera timbur og mega hús hafa mismunandi yfirbragð. Kóti á botnplötu skal ekki vera meiri en 50 cm fyrir ofan yfirborð jarðvegs á hverjum stað og hámarkshæð ekki meiri en 4 metrar. Við húsin er gert ráð fyrir útipöllum og heitum pottum og í nokkrum húsum verða saunaböð.

Þjónustuhús. Í norðvesturhorni byggingarreits fyrir gróðurhús er gert ráð fyrir þjónustuhúsi fyrir baðsvæði, með búnings- og baðklefum og annarri tilheyrandi aðstöðu. Ytri frágangur skal vera sá sami og tiltekinn er fyrir smáhýsi, hér að ofan.

Vegir og bílastæði

Aðkomuvegur að Skróðvangi verður endurgerður og gatnamót við Miðfjarðarveg vikkud til að auka svigrúm fyrir langferðabíla. Framan við gróðurhús verða a.m.k. 46 bílastæði, þar af þrjú fyrir fatlaða, auk bílastæða fyrir langferðabíla, beggja vegna götu. Einnig verður snúningssvæði fyrir langferðabíla. Við smáhýsin verður eitt sameiginlegt bílastæði.

Útisvæði

Norðaustan við gróðurhúsin verður svæði til útiræktunar, en leiksvæði suðvestan við húsin. Gert er ráð fyrir baðsvæði með laug og heitum pottum í gilbotni norðvestan við gróðurhúsin. Göngustigar verða á milli þessara staða.

Sorp

Í eða við byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu á sorpi. Staðsetning og frágangur á sorpgeymslum skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða verður framkvæmd eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Veitur

Rafveita. Gert er ráð fyrir að hús tengist dreifikerfi Rarik og að lagnir fylgi vegum. **Vatnsveita** er á vegum sveitarfélagsins. Heimtaug er til staðar að núverandi húsum. **Hítaveita** er til staðar.

Fráveita skal lögð að rotþróm innan svæðisins og skal allur frágangur vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir Reglugerð um fráveitur og skólpheinsun nr. 1450/2025.

Ofanvatn. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir. Bent er jafnframt á þann kost að beina öllu vatni af húsbökum og öðrum hörðum flötum, beint aftur ofan í jarðveg.

Brunavarnir

Brunavarnir Húnaþings vestra annast brunavarnir og gilda um þær viðkomandi brunavarnaætlan og Lög um brunavarnir nr. 75/2000. Brunhani er við enda götunnar Gilsbakka, í um 130 m fjarlægð frá suðurenda gróðurhúsa og kvísl Miðfjarðarar er í um 200 m fjarlægð frá sama punkti.

Minjar

Ekki er vitað um neinar minjar á skipulagssvæðinu. Ef fornleifar koma í ljós við framkvæmdir, ber að stöðva þær, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjavarðar Norðurlands, sem metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram. Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim.

Umhverfisáhrif

Deiliskipulagssvæðið er við þéttbýlið Laugarbakka og liggur við núverandi hjóðveg, Miðfjarðarveg. Með deiliskipulaginu er verið að útvíkka starfsemi, sem verið hefur á svæðinu, inn á áður ónotað, opið svæði. Jafnframt er vegtenging lagfærð og umferðaröryggi þar með bætt. Áhrif skipulagsins á umhverfi eru því óveruleg.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfullrúa þann _____ 2026 og í _____ þann _____ 2026

Tillagan var auglýst frá _____ 2026 með athugasemdafresti til _____ 2026

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2026

SKRÚDVANGUR, LAUGARBAKKA HÚNAÞINGI VESTRA
DEILISKIPULAG
 SKIPULAGSVINNA, EINAR INGMARSSON ARKITEKT, SKULAGÖTU 9, 310 BORGARNESI
 Dags. 7. apríl 2026